

Selfossi, 10. desember 2004
0402056 HH

Alþingi - nefndasvið
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK

Umsögn um frumvörp til laga um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög

Beiðni um umsögn skv. erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 12. febrúar 2004, var send umhverfisnefnd Árborgar.


Á fundi nefndarinnar 30. nóvember 2004 var eftirfarandi bókað:

Umsögn um frumvarp til laga mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög. Nefndin hefur ekki efnislegar athugasemdir við breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, en vill gera tvær athugasemdir við skipulags- og byggingarlög, nr. 73/1997, með síðari breytingum.

1. Nefndin bendir á nokkra ónákvæmi í lögnum og nefnir í því sambandi á lokasetningu 22. greinar í skipulags- og byggingarlögum, þar sem ekki liggur fyrir um hvaða skipulagsáætlanir er um að ræða. Mikilvægt er að skýrt komi fram við hvaða skipulagsáætlanir er átt við í lögnum.

**2. Sama ónákvæmi kemur fram í annarri málsgrein 22. greinar þar sem segir að „Öll efnistaka á landi og af eða úr hafsbotni innan netlaga er háð framkvæmdaleyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði laga nr. 44/1999, um náttúruvernd“. Í náttúruverndarlögum er landeigendum gefinn kostur á minni háttar efnistöku í landi sínu og stenst því lagagreinin ekki samanburð við lög nr. 44/1999 heimild til efnistöku 47. gr. þar sem segir „Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er eiganda eða umráðamanni eignarlands heimil án leyfis minni háttar efnistaka til eigin nota nema um sé að ræða [jarðmyndanir og vistkerfi] sem njóta verndar skv. 37. gr.“
*Umhverfisnefnd Árborgar leggur til að landeigendum verði tryggð „minni háttar efnistaka“ áfram eins og verið hefur.***

Við afgreiðslu bæjarráðs Árborgar á fundargerðinni var samþykkt að senda nefndasvið Alþingis umsögnina eins og hún liggur fyrir frá nefndinni.



Bæjarritarinn
Árborg
Helgi Helgason
bæjarritari.